

FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

400. fundur

Föstudaginn 13. nóvember 2024 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. og hófst hann kl. 07:30.

Mætt voru:

Kristín María Thoroddsen (KMT), Örvar Jóhannsson (ÖJ), Magnús Örn Guðmundsson (MÖG), Andri Steinn Hilmarsson (ASH) Hrannar Bragi Eyjólfsson (HBE) og Dóra Björt Guðjónsdóttir (DBG). Fundinn sátu einnig Jóhannes Rúnarsson (JR) og Elísa Kristmannsdóttir, fjármálastjóri sem ritar fundargerð.

Dagskrá stjórnarfundar:

1. Kosning aðalmanns - Kópavogur
2. Níu mánaða uppgjör lagt fram til samþykktar.
3. Starfsáætlun 2025.
4. Gjaldskrárstefna – yfirferð
5. Leiga á rafvögnum.
6. Samgöngusáttmálinn
7. Starfskjaranefnd – starfsreglur
8. Snertilausar greiðslur og staðgreiðsla

Tekið fyrir:

1. Kosning aðalmanns - Kópavogur

Lagt var fram bréf frá Kópavogi þar sem tilkynnt var að Andri Steinn Hilmarsson hefði verið kosinn aðalmaður í stjórn strætó og Hjördís Ýr Johnson kosin varamaður.

2. Níu mánaða uppgjör lagt fram til samþykktar

Elísa Kristmannsdóttir, fjármálastjóri fór yfir 9 mánaða uppgjóri. Hagnaður nam um 224 m.kr. Fargjöld hækkuðu um 8% frá sama tímabili í fyrra, en eru lítillega undir áætlunum. Launakostnaður er undir áætlun, sem skýrist af að ekki hefur verið gengið frá kjarasamningi við Sameyki og Samiðn. Hækkun á rekstrarkostnaði vagna og aðkeyptri þjónustu má rekja til nýs samnings um útboð á akstri sem tók gildi um miðjan ágúst. Strætó hefur fengið viðbótarframlag upp á 188 mkr vegna hærri kostnaðar við aðkeyptan akstur. Viðhaldskostnaður var óvenju hár á fyrra tímabili, sem má rekja til háan aldurs vagnflotans. Hins vegar hefur viðhaldskostnaður verið lægri á yfirstandandi tímabili, þar sem umfangsmiklar viðgerðir voru framkvæmdar á fyrra tímabili til að bæta ástand vagnanna. Þrátt fyrir framangreindar aðgerðir er vagnfloti Strætó enn of gamall, sem skapar áhættu í rekstri og hættu á þjónustuskerðingu. Til að bregðast við þessari alvarlegu stöðu hefur Strætó leigt þrjá vagna, auk þess sem í skoðun er að bæta einum við. Jafnframt hefur verið fjárfest í tveimur nýjum vögnum, sem stefnt er að verði teknir í notkun fyrir áramót. Reksturinn hefur styrkst frá fyrra tímabili, með jákvæðri rekstrarniðurstöðu, auknu veltufé frá rekstri, betri innheimtu og hækkun á handbæru fé. Rekstur Strætó er á réttri leið, en þó skortir enn nægjanlegt fjármagn til að standa undir endurnýjun á flotanum. Stjórn samþykkir árshlutreikning fyrir 1. janúar til 30. september 2024.

3. Starfsáætlun 2025

Drög að starfsáætlun voru kynnt og er stefnt að samþykki hennar á næsta stjórnarfund. Ábendingar og athugasemdir skal senda á framkvæmdastjóra.

4. Gjaldskrárstefna - yfirferð

Á fundinum var lagt fram minnisblað um gjaldskrá Strætó og áhrif hennar á sölu og notkun.

Í samanburði við norrænar borgir eru tímabilskort hér á samkeppnishæfu verði, en stök fargjöld töluvert dýrari. Þjónustustig í samanburðarborgunum er hærra, sem eykur virði þjónustunnar í huga notenda. Hjá Strætó hefur þjónusta dregist saman samhliða, sem getur haft neikvæð áhrif á eftirspurn eftir þjónustu almenningsamgangna.

Skv. gjaldskrárstefnu Strætó er gjaldsskrá endurskoðuð tvisvar á ári m.t.t. til hækkana aðfanga í rekstri félagsins. Velt var upp möguleikum á breyttu áskriftarmódel. Stjórn fól stjórnendum að bera saman fargjöld við ráðstöfunartekjur og undirstrikaði mikilvægi þess að gjaldskrárhækkanir fylgi þjónustuaukningu. Málið verður tekið aftur fyrir á næsta stjórnarfund.

5. Leiga á rafvögnum

Umfjöllun fór fram um stöðu vagnflotans, þar sem skoðaður var möguleikinn á skammtímaleigu vagna. Kannaðir voru möguleikar á leigu rafvagna. Lagt til að stjórn veiti framkvæmdastjóra heimild til að skoða þennan valkost nánar og afla álits eigenda á því hvort rétt sé að bjóða út langtímaleigu á rafvögnum til 8–10 ára.

6. Samgöngusáttmálinn – staðan

Í uppfærðum samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins er lögð sérstök áhersla á að styrkja almenningssamgöngur með því að stofna sameiginlegt félag í samstarfi ríkis og sveitarfélaga. Hlutverk félagsins verður að sjá um skipulag og rekstur almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu. Stefnt er að því að félagið hefji starfsemi um næstu áramót. Páll Björgvin Guðmundsson, framkvæmdastjóri Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH), og Birgir Björn Sigurjónsson, ráðgjafi, kynntu stöðu mála og fór yfir starf stýrihóps sem settur var á laggirnar til að undirbúa stofnun þessa nýja félags.

7. Starfskjaranefnd - starfsreglur

Farið var yfir drög að starfsreglum starfskjaranefndar og starfskjaranefndar.

8. Snertilausar greiðslur og staðgreiðsla

Frá byrjun október hefur verið í boði að greiða fargjöld í strætisvögnum með snertilausum greiðslum. Þó að þjónustan hafi ekki enn verið formlega auglýst er hún nú í lokaprófunum, þar sem unnið er að því að fínstilla kerfið. Viðskiptavinir hafa tekið þessari nýjung vel og nýta hana í auknum mæli. En samhliða öllum nýju tæknilausnum hefur reiðufé dregist verulega saman undanfarin ár eins og áætlun gerði ráð fyrir. Frá árinu 2015 hefur notkun reiðufjár í strætisvögnum dregist saman um 58%. Með innleiðingu snertilausra greiðslumöguleika er gert ráð fyrir enn frekari samdrætti í reiðufjárnotkun. Umsýsla tengd núverandi reiðufjárlausnum er kostnaðarsöm, þar sem hún krefst viðhalds á sérhönnuðum baukum sem eru orðnir gamlir og úreltir. Þegar snertilausar greiðslur verða komnar í fulla virkni, er áformað að hætta að taka við reiðufé í vögnum. Samhliða verður unnið að því að auka aðgengi að farmiðlum með því að koma þeim í sölu á fleiri stöðum, til að tryggja að breytingin hafi sem minnst áhrif á notendur. Stjórnendum hefur verið falið að útbúa minnisblað þar sem lagt er fram hvernig hægt er að útfæra þessa breytingu á sem áhrifaríkastan og notendavænstan hátt, með það að markmiði að lágmarka áhrifin á viðskiptavinum.

Fundi slitið 10.00

Fylgiskjöl: Árshlutareikningur jan til sept, kynning á uppgjöri, snertilausar greiðslur.

Dóra Björt Guðjónsdóttir

Hrannar B. Eyjólfsson

Andri Steinn Hilmarsson

Kristín María Thoroddsen

Örvar Jóhannsson

Magnús Örn Guðmundsson